

Fimmtudaginn 10. desember 1998.

Nr. 146/1998. **Protabú S. Óskarssonar & Co. hf.**

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Skattar. Jöfnunargjald. Endurgreiðslukrafa. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1998. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 41.760.926 krónur með vöxtum samkvæmt II. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1993 til 3. febrúar 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Áfrýjandi hefur leiðrétt og lækkað höfuðstól stefnukröfu frá því, sem var í héraði. Samkvæmt gögnum málsins hefur skiptastjóri þrotabúsins veitt Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Georgs Tryggvasonar, fyrrum framkvæmdastjóra og aðaleiganda S. Óskarssonar & Co. hf., heimild til að höfða mál þetta til heimtu ofgreiddra aðflutningsgjalda með því skilyrði, að málið sé rekið á ábyrgð og kostnað Georgs. Verður umboðið ekki öðruvísi skilið en honum sé heimilað að fara með málið fyrir hönd þrotabúsins.

I.

Í málinu krefur áfrýjandi stefnda um endurgreiðslu aðflutningsgjalda, sem S. Óskarsson & Co. hf. greiddi á tímabilinu 17. febrúar 1988 til 4. febrúar 1992 vegna innflutnings á frystum forsteiktum kartöflum. Jöfnunargjald þetta var innheimt af tollyfirvöldum samkvæmt heimild í reglugerð nr. 223/1987 um sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim, svo sem henni var breytt með

reglugerð nr. 109/1988 og síðar reglugerð nr. 335/1989. Er ekki deilt um fjárhæð gjaldsins. Áfrýjandi reisir rétt sinn til endurgreiðslu á því, að álagning jöfnunargjaldsins hafi verið ólögmæt. Vísar hann þessu til stuðnings til dóms Hæstaréttar 19. desember 1996, H. 1996, 4260, í máli sömu aðila. Í þessum dómi sagði, að síðla árs 1991 hefði innflutningur hlutafélagsins og fleiri aðila á frönskum kartöflum verið tekinn til rannsóknar hjá embætti ríkistollstjóra vegna grunsemnda um, að innkaupsverð vörunnar samkvæmt aðflutningsskýrslum þessara aðila væri lægra en raunverulegt viðskiptaverð hennar í skilningi 1. mgr. 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 9. gr. og 10. gr. sömu laga, og ákvæða reglugerðar nr. 395/1987 um tollverð og tollverðs-ákvörðun. Rannsóknin hefði verið talin leiða í ljós, að veruleg brögð væru að því, að vöruverð væri tilgreint óeðlilega lágt af hálfu innflytjenda í því skyni að ná fram lægri aðflutningsgjöldum. Að undangenginni athugun á viðskiptum hlutafélagsins hefði ríkistollstjóri gert leiðréttingu á tollverði í skýrslum þess vegna 186 vöru-sendinga, sem tollafgreiddar höfðu verið á tímabilinu frá 17. febrúar 1988 til 27. febrúar 1992, og endurákvarðað gjöld á þeim grundvelli með úrskurði 1. nóvember 1993. Hefði hann talið vantalin og vangreidd aðflutningsgjöld að meðtöldum virðisaukaskatti nema alls 34.282.696 krónum. Félagið hefði kært þennan úrskurð til ríkistollanefndar, sem hefði með úrskurði sínum 28. janúar 1994 fallist á það tollverð, er ríkistollstjóri hefði lagt til grundvallar, en talið endur-ákvörðun gjalda af innflutningi fyrir 1. nóvember 1989 þó ekki koma til álita vegna fyrningar. Hefðu því vangreidd gjöld aðeins verið talin af 144 vörusendingum og sögð nema 19.365.607 krónum auk dráttarvaxta.

Áfrýjandi vildi ekki fallast á þessa niðurstöðu og höfðaði því tilvitnað mál til ógildingar þessa úrskurðar ríkistollanefndar með stefnu 29. nóvember 1994. Niðurstaða Hæstaréttar varð sú, að álagning jöfnunargjaldsins á umræddu tímabili fengi ekki samrýmst þeim takmörkunum, sem heimild ráðherra væru settar, og þeim kvöðum um málefnalegan grundvöll skattheimtu og stjórnsýslu, sem gæta hefði átt. Álagningin var því dæmd ólögmæt, og hefur stefndi fallið frá kröfum um viðbótarjöfnunargjald samkvæmt áminnstum úrskurði ríkistollanefndar. Í máli því, sem hér er til meðferðar, endurkrefur áfrýjandi stefnda aftur á móti um það jöfn-

unargjald, sem fyrirtækið hafði upphaflega greitt af þeim 186 sendingum, sem um getur í áðurgreindum úrskurði ríkistollstjóra.

II.

Samkvæmt gögnum málsins er krafa áfrýjanda eingöngu endurgreiðslukrafa ofgreidds fjár. Í stefnu hans til héraðsdóms er áskilinn réttur til þess að höfða síðar skaðabótamál á hendur stefnda fyrir tjón, sem hann hafi beðið, vegna þess að aðför var gerð í eignum fyrirtækisins til heimtu fjárhæðar þeirrar, sem um getur í framan- greindum úrskurði ríkistollstjóra, og að í framhaldi þess hafi það verið knúið í gjaldþrot. Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi talið jöfnunargjaldið óheimilt frá upphafi, en orðið að greiða það, því að annars hefðu vörurnar ekki verið afhentar.

Samkvæmt greinargerð stefnda fyrir Hæstarétti reisir hann sýknukröfu sína á tvennum málsástæðum eingöngu. Í fyrsta lagi telur hann kröfu áfrýjanda fyrnda með vísun til 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Krefjast hafi mátt endurgreiðslu, strax og gjaldið hafi verið greitt, og fyrningarfrestur því hafist þá samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna. Telur hann bersýnilegt, að fyrirtækið hafi greitt í þeirri trú, að það væri að lögum skylt til þess. Af greindum lagaákvæðum leiði, að krafa áfrýjanda sé niður fallin fyrir fyrningu. Engum þvingunarúræðum hafi verið beitt af hálfu tollyfirvalda gagnvart áfrýjanda, og engum athugasemdum hafi verið hreyft af hans hálfu gegn greiðslunni. Það hafi ekki verið fyrr en löngu síðar í sambandi við rannsókn tollyfirvalda á réttmæti aðflutningsskýrslna, að hann fór að halda því fram, að gjaldtakan væri óheimil að lögum.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi ekki orðið fyrir tjóni, þar sem hann hafi getað velt gjaldinu yfir á viðskiptavini sína, en ljóst sé, að öll varan hafi selst. Félagið hafi því verið með öllu skaðlaust af greiðslu gjaldsins í ríkissjóð. Það sé því ekki réttur aðili að heimtu endurgjaldsins.

III.

Mál þetta er eingöngu höfðað til endurkröfu ofgreidds fjár. Verður ekki um það fjallað, eins og mál þetta er flutt, hvort áfrýjandi kunni að eiga rétt á skaðabótum.

Á þeim tíma, sem S. Óskarsson & Co. hf. greiddi jöfnunargjaldið,

er mál þetta snýst um, voru lög nr. 14/1905 einnig talin ná til endurkrafna ofgreiddra tolla og gjalda, en nú gilda um þetta efni lög nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Fyrningarfrestur er samkvæmt þessum síðargreindu lögum fjögur ár, og er í greinargerð með lögnum miðað við, að hann sé óbreyttur frá því, er áður gildi. Verður að fallast á það með héraðsdómi, að rétt sé að miða fyrningartíma við fjögur ár, sbr. 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Samkvæmt gögnum málsins var jöfnunargjaldið greitt án athugasemda til viðtakenda gjaldsins. Hins vegar var gripið til þess ráðs í mótmælaskyni og í samráði við erlenda seljendur vörunnar að láta sem innkaupsverð hennar væri lægra en það raunverulega var, svo að gjaldið legðist á lægri gjaldstofn. Áfrýjanda hefði þó verið í löfa lagið að bera gjaldtökuna undir dómstóla og krefjast endurgreiðslu, þegar eftir að hann hafði greitt í fyrsta sinn, teldi hann gjaldtökuna óheimila á einhvern hátt. Verður við það að miða að borgararnir grípi til þeirra eðlilegu ráðstafana, sem þeir eiga tiltækar, telji þeir á sig hallað af hálfu ríkisvaldsins. Var enn frekari ástæða til þess fyrir S. Óskarsson & Co. hf., þar sem fyrirtækið stóð ásamt hagsmunafélagi sínu að mótmælum gegn gjaldinu á þessum tíma. Er þannig ekki annað fram komið en fyrirtækið hafi án mikils fyrirvara mátt bera gjaldið undir dómstóla. Fjögurra ára fyrningarfrestur var því löngu liðinn, þegar áfrýjandi hófst handa um málsókn þessa með stefnu, birtri 25. júní 1997. Greiðslukröfur þær, sem um er deilt í þessu máli, voru ekki hafðar uppi í máli því, er lauk með dómi Hæstaréttar 19. desember 1996. Kemur því ekki til álita að láta stefnu eða dóm í því máli rjúfa fyrningu varðandi þær.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Rétt er með vísun til málavaxta, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1998.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 25. júní 1997, og dómtekið 18. þ. m.

Stefnandi er þrotabú S. Óskarssonar & Co. hf., kt. 470881-0469, Vatna-
görðum 6, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið, og er fjármálaráðherra stefnt fyrir hönd þess.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 43.747.141 krónu með vöxtum samkvæmt II. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1993 til 3. febrúar 1997, og leggist áfallnir vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 3. febrúar 1997 til greiðsludags, og leggist áfallnir dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 3. febrúar 1998. Stefnandi krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

2. Í málinu er krafist endurgreiðslu þess jöfnunargjalds af frystum og forsteiktum frönskum kartöflum, sem hlutafélagið S. Óskarsson & Co. í Reykjavík keypti af fyrirtækjum í Hollandi og leysti út úr tolli á tímabilinu frá 17. febrúar 1988 til og með 18. september 1992. Um er að ræða 186 sendingar, og er ekki ágreiningur um greiðsludaga eða fjárhæðir þær, sem greiddar voru af þeim í jöfnunargjald og nema samtals höfuðstól dómkrofu stefnanda. Hið sama er um þær fjárhæðir, sem varakrafa stefnda er grundvölluð á.

Umrædd vara féll undir tollskrárnúmer 2004.1000, og var sérstakt jöfnunargjald lagt á hana samkvæmt 2. tl. e-liðar 1. mgr. 30. gr. þágildandi laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1986. Varan var einnig háð verðtollí samkvæmt tollskrá, sem nam 30% af tollverði til 1. janúar 1990, en lækkaði þá í 20% og í 10% við næstu áramót, en féll niður 1. janúar 1992.

Jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim var fyrst lagt á í júní 1986 með reglugerð nr. 289/1986, og var það ákveðið 50% af nýjum eða kældum kartöflum, en 40% af unnum vörum. Með reglugerð nr. 223/1987, sem öðlaðist gildi 1. júní 1987, var gjaldið ákvarðað 40% af öllum upptöldum vörum. Með reglugerð nr. 109/1988, sem öðlaðist gildi 29. febrúar 1988, voru gerðar breytingar á 1. gr. reglugerðar nr. 223/1987, og m. a. var jöfnunargjald í tollflokki 2004.1000 ákvarðað 190%. Hélt gjaldið óbreytt til 10. júlí 1989, er reglugerð nr. 335/1989 öðlaðist gildi, en samkvæmt henni var gjald af vöru í tollflokki 2004.1000 lækkað í 120% og hélt þannig til gildistöku nýrrar heildarreglugerðar, nr. 468/1993 frá 22. nóvember 1993, er það var ákveðið 90%.

3. Að undangenginni athugun á viðskiptum hlutafélagsins S. Óskarsson-

ar & Co. gerði ríkistollstjóri leiðréttingu á tollverði innfluttrar vöru samkvæmt aðflutningsskýrslum vegna þeirra vörusendinga, sem einnig ræðir um í þessu máli, og endurákværðaði gjöld á þeim grundvelli með úrskurði 1. nóvember 1993. Rannsóknin þótti leiða í ljós, að það verð á frönskum kartöflum, sem fram kom á vörureikningum, er fyrirtækið lagði fram við tollafgreiðslur, hefði verið mun lægra en viðskiptaverð, sem leggja bar til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Voru vantalin og vangreidd aðflutningsgjöld að meðtöldum virðisaukaskatti talin nema samtals 34.282.696 krónum. Félagið kærði þennan úrskurð til ríkistollanefndar, sem féllst með úrskurði nr. 12/1993 28. janúar 1994 á það tollverð, sem ríkistollstjóri hafði lagt til grundvallar, en taldi endurákvörðun gjalda af innflutningi fyrir 1. nóvember 1989 ekki koma til álita vegna fyrningar og staðfesti hina kærðu endurákvörðun á vörusendingum afgreiddum eftir þann dag.

S. Óskarsson & Co. hf. vildi ekki una úrskurði ríkistollanefndar og höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu til ógildingar hans með stefnu, sem var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. desember 1994. Rekstur málsins var reistur á þeirri meginmálsástæðu, að lagaheimild hefði skort fyrir álagningu jöfnunargjaldsins eða að það hefði ekki verið lagt á í samræmi við lagaheimildir, þó að þær væru taldar vera í gildi. Sýknudómur héraðsdóms sætti áfrýjun, en með dómi Hæstaréttar 19. desember 1996 (mál nr. 427/1995) var úrskurður ríkistollanefndar ógiltur.

Að gengnum úrskurði ríkistollanefndar var af hálfu ríkissjóðs krafist aðflutningsgjalda frá umræddu félagi á grundvelli endurákvörðunar ríkistollstjóra. Þannig krafðist sýslumaðurinn í Hafnarfirði 11.961.019 króna, og var bú félagsins tekið til skiptameðferðar 1. mars 1995 að kröfu hans. Tollstjórinn í Reykjavík gerði kröfu að fjárhæð 34.635.024 kr. í þrotabúið. Í stefnu var þess krafist, að stefnda yrði gert að afturkalla þessar kröfur, og hafði þess verið margkrafist áður, í fyrsta sinn með bréfi lögmanns stefnda til ríkistollstjóra, dags. 3. febrúar 1997, samhliða kröfu um endurgreiðslu þegar greidds jöfnunargjalds. Frá kröfunni var fallið í þinghaldi 17. nóvember 1997, er upplýst hafði verið, að krafa tollstjórans í Reykjavík hafði verið afturkölluð 16. júlí 1997 og krafa sýslumannsins í Hafnarfirði 21. s. m. Í sama þinghaldi var af hálfu stefnda fallið frá kröfu um að vísa málinu frá dómi.

4. Stefnandi styður kröfu sína því, að niðurstaða dóms Hæstaréttar í máli nr. 427/1995 hafi verið sú, að álagning jöfnunargjaldsins á þær vörusendingar, sem úrskurðir ríkistollstjóra og ríkistollanefndar náðu til, hafi verið ólögæt. Af því leiði, að stefnandi eigi rétt til þess að fá endurgreitt það jöfnunargjald, sem honum hafi verið gert að greiða á ólögætann hátt, og

lúti krafan eingöngu að endurgreiðslu gjalda af þeim vörusendingum, sem Hæstiréttur hafi dæmt ólögmat. Engu að síður áskilur stefnandi sér rétt til að hafa uppi frekari kröfur síðar, m. a. til heimtu skaðabóta úr hendi stefnda vegna þess tjóns, sem hann hafi valdið sér með því að halda uppi ólögmatum kröfum og þráast við að afturkalla þær.

Því er haldið fram, að stofndagur kröfunnar hafi verið 19. desember 1996, þ. e. við uppkvaðningu framangreinds hæstaréttardóms. Þrátt fyrir það að stefnandi teldi alltaf, að jöfnunargjaldið væri ólöglega lagt á, hefði endanleg staðfesting þess og grundvöllur endurgreiðslukröfu ekki komið til fyrir en með þeim dómi.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttarins; einnig lögum nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Einnig vísar hann til 1. tl. 2. gr. og 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Þá vísar stefnandi til 7. gr. laga nr. 14/1905, ef ekki samkvæmt orðanna hljóðan, þá á grundvelli rýmkandi lögskýringar eða fyrir löggjöfnun. Að lokum kveður stefnandi jafnræðisreglu íslensks réttar leiða til þess, að fyrningarfrestur geti ekki hafist fyrir en 19. desember 1996.

5. Stefndi reisir sýknukröfu sína á eftirtöldum málsástæðum:

Í fyrsta lagi telur stefndi, að með fram lögðum gögnum í málinu hafi sér tekist að sanna og skýra, að álagning jöfnunargjalds hafi verið innan þeirra marka, sem löggjafinn setti landbúnaðarráðherra við álagningu jöfnunargjalds, og því verið lögmat.

Í öðru lagi er vísað til þess, að réttur stefnanda til endurgreiðslu jöfnunargjalds þess, sem krafist er í málinu, sé niður fallinn vegna fyrningar, og beri af þeirri ástæðu að sýkna af allri endurgreiðslukröfu hans og kröfu um vexti.

Í þriðja lagi er sýknukrafan studd þeim rökum, að af hálfu S. Óskarssonar & Co. hf. hafi hið umþrætta jöfnunargjald ekki verið greitt með fyrirvara um síðari endurheimtu þess, en það leiði sjálfstætt til þess, að sýkna beri stefnda. Vísað er til þess, að samkvæmt 5. gr. laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda taka þau til greiðslna eftir 1. janúar 1996. Greiðslurnar, sem um ræðir í máli þessu, hafi hins vegar verið inntar af hendi á þeim tíma, er sú regla hafi verið talin vafalaus, að greiðsla án athugasemda eða fyrirvara fyrirgerði rétti til endurgreiðslu.

Enn fremur er því haldið fram, að löglíkur séu fyrir því, að jöfnunargjaldið hafi verið hluti af verði vörunnar á innanlandsmarkaði og það hafi því í raun verið viðskiptamenn S. Óskarssonar & Co. hf., sem greiddu gjaldið. Af þessu leiði annars vegar, að ekki sé fullnægt því skilyrði fyrir endurgreiðslu ofgreidds fjár, að viðtakandi greiðslu hafi hagnast á kostnað fyrirtækisins,

og hins vegar, að sýkna beri stefnda vegna aðildarskorts stefnanda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Varakrafa stefnda er rökstudd á eftirfarandi hátt:

Með vísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 427/1995, sem stefnandi styður kröfur sínar öðru fremur við, eru ekki efni til að hröfla við jöfnunargjaldinu, er það var ákveðið 40% samkvæmt reglugerðum nr. 289/1986 og 223/1987. Sá hluti endurgreiðslukröfu stefnanda, sem væri raunhæfur, yrði ekki fallist á sýknukröfu, næmi 31.551.360 krónum. Stefndi krefst einnig lækkunar miðað við, að álagning 120% jöfnunargjalds sé að fullu rökstudd, og eigi stefnandi því aðeins rétt á endurgreiðslu 190% gjaldsins eða 20.509.514 krónum. Framar gangi þó krafa um, að einungis verði endurgreitt það, sem umfram var 40% á því tímabili, er álagning gjaldsins nam 190%, þ. e. 16.191.478 krónur. Stefndi tekur fram, að allt að einu beri að lækka endurgreiðslu um 197.846 krónur, þar sem fyrstu þrjár greiðslur, sem endurgreiðslukrafa tekur til, námu aðeins 40% jöfnunargjaldi.

Kröfum stefnanda um vexti og dráttarvexti er mótmælt sérstaklega.

6. Í stefnu greinir frá því, að framkvæmdastjóri S. Óskarssonar & Co. hf. hafi strax mótmælt þeim álögum, er jöfnunargjald á franskar kartöflur var hækkað úr 40% í 190%. Hann hafi sjálfur leitast við að fá ofangreint jöfnunargjald fellt niður og hlutast til um það, að fagfélag hans, Félag íslenskra stórkaupmanna, beitti sér í málinu.

Georg Haraldur Tryggvason lögfræðingur gegndi starfi framkvæmdastjóra S. Óskarssonar & Co. hf. á þeim tíma, sem hér um ræðir, og gaf hann skýrslu fyrir dóminum. Hann kvað jöfnunargjaldið hafa skilað sér í verðlagningu til viðskiptamanna fyrirtækisins fram að því, er það var hækkað úr 40% í 190%, en þá hafi orðið gjörbreyting og upplausnarástand verið eftir það á þessum markaði. Gjaldið hafi að einhverju leyti verið lagt á vöruna áfram í viðskiptum fyrirtækisins, en langtímum saman hafi hún verið seld undir kostnaðarverði og að minnsta kosti án álagningar. Spurningu þess efnis, hvort félagið hefði komið sér hjá að greiða hið háa jöfnunargjald í raun, svaraði Georg Haraldur á þá leið, að það hefði reynt að milda áhrif þessarar stjórnvaldsaðgerðar, eftir því sem það gat, sjálfu sér og viðskiptavinum þess til bjargar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 427/1995 segir, að álagning umrædds gjalds á þær vörusendingar, sem úrskurðir ríkistollstjóra og ríkistollanefndar náðu til, hafi verið ólögmat. Sá skilningur verður lagður í forsendur dómsins, að tímamark, sem þar er miðað við, sé gildistöku dagur reglugerðar nr. 109/1988, „þegar gjald á hina umdeildu vöru var nær fimmfaldað í einum áfanga“.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda telst fyrningarfrestur frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Hver hinna 186 greiðslna á tímabilinu frá 17. febrúar 1988 til og með 18. september 1992 markar jafnframt upphaf fjögurra ára fyrningarfrests endurgreiðslukröfu vegna þeirra samkvæmt 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, sem á hér við samkvæmt orðum ákvæðisins og dómafordæmum. Taka ber fram, að ekki er upplýst um svik eða önnur atvik af hálfu stefnda, sem leitt geti til þess samkvæmt 7. gr. laga nr. 14/1905, að upphaf fyrningarfrests verði ákvarðað annað en að framan greinir. Þá er ekki fallist á rök stefnanda fyrir því, að upphaf fyrningarfrests skuli miðast við uppkvaðningu framan-greinds hæstaréttardóms.

Krafa stefnanda var samkvæmt framansögðu fallin niður fyrir fyrningu, er stefnda var birt stefna í máli þessu 25. júní 1997, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 14/1905. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að hvor aðili málsins skuli bera kostnað sinn af rekstri þess.

Mál þetta dæma héraðsdómararnir Sigurður Hallur Stefánsson sem dómsformaður, Ingibjörg Benediksdóttir og Pétur Guðgeirsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknað af kröfum stefnanda, þrotabús S. Óskarssonar & Co. hf.

Málskostnaður fellur niður.
